



7. fundur Starfshóps um deiliskipulag miðbæjar, þann 17. júlí í ráðhúsi Hafnarfjarðar kl. 10:00.

Starfshópur.

Ágúst Bjarni Garðarsson, fulltrúi meirihluta og formaður
Lovísa Traustadóttir, fulltrúi meirihluta
Jón Ingi Hákonarson, fulltrúi minnihluta
Kári Eiríksson, fulltrúi íbúa.
Guðmundur Bjarni Harðarson, fulltrúi frá Markaðsstofu Hafnarfjarðar

Forföll:

Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi
Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður Hfj.
Sigríður Margrét Jónsdóttir, fulltrúi fyrirtækja

Með starfshópnum starfa:

Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður Hfj.
Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi Hfj.
Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt Hfj.

Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. Farið var yfir atriði síðustu funda og stöðu mála.

Lögð fram greinagerð Gunnþóru Guðmundsdóttur frá 10.7. sl. þar sem tekin voru saman helstu atriði sem fram hafa komið og snúa að áframhaldandi vinnu við deiliskipulag miðbæjar. Starfshópurinn vill gjarnan að arkitektar sem nú þegar hafa komið að tillögugerð vegna miðbæjarins verði fengnir í áframhaldandi vinnu. Slíkar ákvarðanir eru þó ekki á snærum vinnuhópsins. Loka skýrsla hópsins skal liggja fyrir þann 15. ágúst nk. á fundi bæjarráðs.

2. Rædd voru atriði sem lúta að þörf þjónustu, verslana og íbúafjölda.

Hvernig þessi atriði haldast í hendur eru mikilvægar upplýsingar fyrir áframhaldandi vinnu. Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi hefur tekið saman tölulegar upplýsingar sem starfshópurinn óskar eftir að sjá. Horfa þarf til þess að húsnæði sé í boði til að laða að mismunandi starfsemi og fyrirtækjarekstur.

3. Uppbygging og möguleikar, einstaklingsframtak.

Vangaveltur voru um hvort fasteignafélög væru réttir aðilar til að fá að borði vegna uppbyggingar og framtíðarmöguleika í miðbæ Hafnarfjarðar. Hvar ímynd bæjarins liggur. Ferða- og menningarmál þurfi að vera sýnileg en jafnframt skýr stefna í þeim efnun.

Mögulega þarf að huga að breyttu fyrirkomulagi að hálfu bæjarins til að auðvelda einkaframtak sem geti stuðlað að meira lífi í bænum o.þ.l. aukið flóru verslunar og þjónustu. T.d. með einföldun leyfisveitinga til að koma upp markaði eða básum á afmörkuðu svæði innan miðbæjarins með stuttum

Gunnþóra Guðmundsdóttir

fyrirvara. Með því móti væri hægt að auka mannlíf á góðum og björtum dögum.

4. Næstu skref.

Vinna þarf vel skjal sem starfshópurinn skal skila af sér að lokinn vinnu. Þar skuli koma fram að skoða þurfi atriði sem snúa að því að auka líf í bænum, starfsemi á jarðhæð húsa og samgöngumál. Samantektin verður innan þess ramma sem starfshópunum var gert að vinna eftir.

Hins vegar er hluti af niðurstöðu starfshópsins að hann telur farsælt að fá Tripóli arkitekta til frekari vinnu við deiliskipulag Hafnarfjarðar. Eftirfylgni þurfi að vera með málinu og að verkefnið verði unnið í áföngum.

Áhugi er á að fá aðila til að ræða þætti er snúa að atvinnulífinu, íbúa, gesti og ferðamenn, sem sækja fjörðinn heim til að versla og njóta þess sem bærinn hefur upp á að bjóða.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið 11:05.